




FLOKKUNARTAFLA LANDSPÍTALA - VINNULÝSING

	FLOKKUR	HVAÐ FER Í FLOKINN?	HVERNIG Á AÐ GANGA FRÁ?	HVAÐ VERÐUR UM?
ALMENNUR ÚRGANGUR	Óflokkaður úrgangur	Allt óendurvinnanlegt m.a. samsettar umbúðir og óhreinir hlutir. Handþurrkur, hanskar, vökvasett (næringar-, salt- og sykurlausnir fara í niðurfall), lyfjaumbúðir (ekki af krabbameins- og sýklalyfjum), slöngur og gler, svo sem tóm lyfjaglös. Ekki sóttmengaðir hlutir.	Í svartan ruslapoka. Bundið fyrir eða sett fyrirband. Gler er sett í pappakassa eða aðrar harðar umbúðir og merkt „Gler“. Sótt eða flutt í ruslageymslu/gám.	Fer til urðunar.
	Pappír og pappi	Allur hreinn pappír, dagblöð og pappi. Pappaumbúðir, hvítur og lítaður pappír, límíðar, fernur, bekkjapappír, umslög og tættur pappír. Ekki handþurrkur eða stórir pappakassar.	Í bláan plastpoka. Ekki fylltir um of því þeir geta rífnæð. Bundið fyrir eða sett fyrirband. Sótt eða flutt í ruslageymslu/gám.	Fer til endurvinnslu. Framleiddar eru ýmsar vörur og umbúðir úr pappír og pappa.
	Bylgjupappi	Pappakassar úr bylgjupappa. Límband má vera á en plastvasar og annað lauslegt fjarlæggt.	Skal brjóta saman. Sótt eða flutt í ruslageymslu/gám.	Fer til endurvinnslu. Framleiddar eru ýmsar vörur og umbúðir úr pappa.
	Plast - ílát og umbúðir	Plastílát og -umbúðir sem eru hreinleg og tóm. Með eða án áfastrar álþynnu eða bréfs, frauðplast, plastpokar, lyfjapynnur, lyfjastaup, plaststatíf og bakkar. Tryggja að tappar séu teknir af. Ekki vökvasett, slöngur og sprautur né sóttmengað eða oddhvasst.	Í grænan eða glæran plastpoka. Bundið fyrir eða sett fyrirband. Sótt eða flutt í ruslageymslu/gám.	Fer til endurvinnslu. Framleiddar eru ýmsar plastvörur.
	Flöskur og dósir	Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir.	Safnað í poka, má vera rauður, en þarf ekki. Starfsmenn LSH fara sjálfir með í endurvinnslu eða gefa öðrum. Skal losa að lágmarki á 4 vikna fresti til að forðast að pokar laði að meindýr, taki pláss og teppi öryggisleiðir.	Fer til endurvinnslu.
	Lífrænt	Matarafgangar og servíettur. ATH eingöngu innleitt í matsölum og eldhúsi.	Safnað í maíspoka og þeir settir í brúna tunnu. Brúnar tunnur eru fluttar á viðeigandi staði utanhúss.	Fer til endurvinnslu. Er jarðgert.
	Matarolía	Afgangar af matarolíu. ATH eingöngu innleitt í eldhúsi.	Safnað í hvítar fötur, lok sett á. Starfsmenn fara með föturnar til umsjónarmanns lóða að lágmarki einu sinni í mánuði.	Fer til endurvinnslu. Nýtt til framleiðslu á lífdísil sem er eldsneyti fyrir m.a. bíla.
	Trúnaðargögn	Persónugreinanleg gögn eða aðrar trúnaðarupplýsingar.	Sett í plastpoka sem merktur er „Gögn til eyðingar“, heiti deildar og viðfangsnúmeri. Tætt trúnaðargögn fara í bláan poka til endurvinnslu. Sótt eða flutt í ruslageymslu.	Fer til endurvinnslu. Fer til ábyrgðar förgunar, þar sem gögn eru tætt og sett til endurvinnslu.
	Húsgögn	Húsgögn til viðgerðar, geymslu eða förgunar. Ekki raftæki.	Húsgögn merkt með nafni deildar og útskýringu á því hvað þarf að gera þ.e. hreinsa, lagfæra, henda eða setja í geymslu. Flutt á safnstað í húsinu	Íðnaðarmenn yfirfara ef þarf að laga. Annað er sett í geymslu eða gám fyrir grófan úrgang.
	Textill	Sængurföt, fatnaður og annað lín sem ekki er hægt að nota lengur. ATH söfnun er eingöngu í þvottahúsi Landspítala.	Sett í gáma Rauða krossins við Tunguháls eða á saumastofu þvottahúss sem útbýr tuskur.	Fer til endurvinnslu. Rauði krossinn endurnotar eða endurvinnur allt lín. Saumastofa þvottahúss útbýr tuskur og selur til verkstæða.
HÆTTULEGUR ÚRGANGUR	Sóttmengað, oddhvasir hlutir, líkamshlutar, vefir og vessar	Úrgangur frá sjúklingum sem haldnir eru hættulegum og smitandi sjúkdómum. Einnota áhöld og hlutir mengaðir smitefni frá sýktum sjúklingi. Blóð, blóðhlutur, blóðsmitaður/ líkamsvessamengaður úrgangur, umbúðir frá sýktum sárum, oddhvasir og beittir hlutir, líkamshlutir, vefir og vessar og uppræktuð smitefni	Sett í gula sérmerka plastpoka, ekki fylltir um of. Lokaðir með fyrirbandi sem ekki er hægt að opna aftur. Oddhvasir og beittir hlutir fara í gul stunguheld box, vel lokað og sett í gula sérmerka poka fyrir sóttmengað. Fljótandi efni eru sett í vökvaheld ílát, t.d. hvítar fötur. Sjá nánar í vinnulýsingu um meðhöndlun sóttmengaðs úrgangs, oddhvasra hluta, líkamshluta, vefja og vessa. Sótt eða flutt í ruslageymslu/gám.	Fer til brennslu.
	LYF - Fyrnd lyf	Fyrndum lyfjum safnað saman á deild.	Sett í gula sérmerka plastpoka fyrir sóttmengað. Lokað með fyrirbandi. Sótt eða flutt í ruslageymslu/gám.	Fer til brennslu.
	LYF - Lyfjaafgangar	Lyfjaafgangar og lyfjablöndur.	Ytri umbúðir fjarlægðar nema ef um frumueyðandi lyf er að ræða. Lyfjaafgangar settir í gula sérmerka poka fyrir sóttmengað í samræmi við verklagsreglu . Vökvar og glerlyfjaglös eru settir í vökvaheld ílát áður en þau eru sett í gulan poka. Sótt eða flutt í ruslageymslu/gám.	Fer til brennslu.
	LYF - Eftirritunarskyld lyf - Fyrnd eða ónotuð	Ónotuð eða fyrnd eftirritunarskyld lyf frá sjúklingum og spítala.	Í upprunalegum umbúðum í samræmi við vinnulýsingu um eftirritunarskyld lyf . Skilað í apótek, skráningarbók höfð meðferðis fyrir lyf sem tekin eru af deildarlagar.	Skilað til Lyfjastofnunar sem fargar lyfjunum.
	Efnaúrgangur	Leifar af varasömum efnum sem bera hættumerki. Einnig ílát, tuskur og rekstrarvörur sem innihalda leifar af varasömum efnum sem bera eftirfarandi hættumerki: 	Komið fyrir í öruggum innri og ytri umbúðum. Merkt sérstaklega sem efnaúrgangur og safnað á aðgangsstýrðu merktu svæði og flokkað eftir förgunarhóp. Flutt í sérmerkt kar eða geymslu eða sótt, beiðni um að sækja í síma 824 5420. Farmbréfi skilað við flutning til móttökuaðila. Sjá nánar í verklagsreglu um meðhöndlun efnaúrgangs .	Fargað af viðurkenndum aðila í samræmi við löggjöf.
	Prenthylki	Notuð prenthylki.	Sett í kassa af prenthylki ef mögulegt er og merkt „Notað“. Sótt eða flutt í sérmerkt ílát.	Fer til endurvinnslu. Þjónustuaðili kemur þeim til viðurkennds aðila sem endurnýtir flest prenthylkin með því að fylla á.
	Rafhlöður	Rafhlöður af öllum gerðum.	Sett í sérmerkt ílát, t.d. litla kassa sem kaupa má í vefverslun. Sótt eða flutt í sérmerkt ílát.	Fargað af viðurkenndum aðila í samræmi við löggjöf.
	Ljósaperur	Allar tegundir af ljósaperum.	Sett í sérmerkt ílát. Brotnar perur í loftþétt ílát s.s. í kassa eða fernu og svo í lokaðan plastpoka. Rafvirkjar taka ónýtar perur við peruskípti. Flutningadeild beiðni um að ná í ef safnast á deild.	Fargað af viðurkenndum aðila í samræmi við löggjöf.
	Raftæki og rafeindabúnaður	Stór og lítil raftæki og rafmagnsvörur m.a. tölvubúnaður, símar, lækningatæki, heimilistæki, rafmagnsverkfæri, snúrur, kaplar og íhlutir.	Safnað í sérmerkt ílát eða gengið frá í samráði við flutningadeild. Sótt eða flutt í ruslageymslu.	Fer til endurnýtingar eða endurvinnslu eftir því sem við á.
	Kælimiðlar	Kælar og frystar með kælimiðlum.	Rafvirkjar sækja.	Fargað af viðurkenndum aðila í samræmi við löggjöf.
	Aðrir hlutir sem innihalda varasöm efni	Rafgeymar, kvikasilfursmælar, asbest o.fl.	Sótt eða flutt í sérmerkt kar eða geymslu. Annars hringt og beiðni um að ná í, sími 824 5420. Um asbest gilda sérreglur.	Fargað af viðurkenndum aðila í samræmi við löggjöf.
IÐNAÐARÚRGANGUR	Grófur úrgangur	Stórir hlutir úr samsettum efnum sem ekki er hægt að flokka í aðra flokka, svo sem ónýtt húsgögn o.fl.	Farið með beint í gám.	Fer til endurvinnslu ef hægt er, rest fer til urðunar.
	Timbur	Timbur, lítað og ólítað.	Farið með beint í gám.	Tætt og notað sem undirlag o.fl.
	Málmar	Hlutir og umbúðir úr málum m.a. áli, járn, stál og kopar. Einnig dót sem er að hluta til úr málum m.a. sum húsgögn. Ekki rafmagnstæki	Farið með beint í gám.	Fer til endurvinnslu þar sem framleiddir eru ýmsir málmhlutir.
	Garðaúrgangur	Gras, trjáafklippur, trjábolir, jarðvegur.	Farið með beint í gám eða annan safnstað.	Fer til endurvinnslu. Er jarðgert.